

## 8. kafli: Vinnan

### Hugtök

Frumvinnslugreinar

Úrvinnslugreinar

Þjónustugreinar

Fjöldaframleiðsla

Neðanjarðarhagkerfi

Vinna

Atvinna / starf

Taylorismi / Fordismi

Kynbundin verkaskipting

Kynbundinn launamunur

Atvinnuleysi

Ólík hagkerfi: markaðsbúskapur, áætlunarbúskapur, blandað hagkerfi

Velferðarríkið

Beinir skattar

Óbeinir skattar

Verkföll

Alþjóðavæðing

Opið hagkerfi

Upplýsingasamfélagið

Samtök launafólks: ASÍ, BSRB, BMH

Hagsmunasamtök atvinnurekanda: SA

## 8. kafli: Vinnan

### Spurningar sem nemendur eiga að geta svarað eftir að hafa lesið kaflann:

1. Gerðu grein fyrir frumvinnslugreinum, úrvinnslugreinum og þjónustugreinum í iðnaðarsamfélaginu.
2. Lýstu helstu einkennum markaðsbúskapar. Hvernig hefur markaðsbúskapurinn verið gagnrýndur? Hvernig svara stuðningsmenn markaðsbúskapar gagnrýninni?
3. Lýstu helstu einkennum áætlunarbúskapar. Hver er hugmyndafræðin að baki áætlunarbúskap? Hvernig tengist það hugtakinu „frelsi frá“ úr 6. kafla?
4. Lýstu helstu einkennum blandaðs hagkerfis? Hvernig tengist það hugmyndunum um velferðarríki? Hver eru rökin fyrir því að velferðarríki sé besta kerfið?

## 8. kafli: Vinnan

### Verkefni:

1. Gerið grein fyrir og útskýrið vandlega hugtakið velferðarkerfi. Hverjar eru röksemdirnar fyrir því að halda uppi velferðarkerfi samkvæmt umfjöllun námsefnisins?
2. Hverjar eru helstu orsakir atvinnuleysis? Lýstu helstu fylgikvillum atvinnuleysis. Hvaða aðferðum geta stjórnvöld beitt til að draga úr atvinnuleysi og/eða vinna gegn áhrifum atvinnuleysis? Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess að fá atvinnuleysisbætur?
3. Hvernig fjármagnar ríkið þá þjónustu sem það veitir? En sveitarfélögin? Hver er hugmyndin að baki skattakerfinu? Ertu sammála þessari hugmyndafræði? Rökstyddu svar þitt.
4. Skiptar skoðanir eru um ágæti verkfalla í nútímasamfélögum. Hvaða rök mæla með því að verkfalli sé beitt og hvaða rök mæla gegn því? Hvernig getur ríkið haft áhrif á kjarasamninga?
5. Hver er munurinn á vinnufólkinu sem var í bændasamfélaginu og því vinnufólki sem er á sumum heimilum í dag?
6. Við hvað vinnur farandverkafólk núna og hvaðan kemur það? Hver eru réttindi þess?
7. Kannaðu jafnrétti kynjanna: hvernig hefur staða kynjanna breyst á undanförunum áratugum? Hvaða munur er á launum kynjanna? Hvaða möguleika hafa konur á að komast í áhrifa-stöður í þjóðfélaginu? Hafa lög um feðraorlof breytt viðhorfi atvinnurekenda varðandi val á starfsfólki?